

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratus ehf Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	22.1.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Kratus ehf	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Brynja Silness	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í eftirlit til að kanna stöðu frávíka. Frávikin sem um ræðir eru frávik frá gr. 2.13 og 2.15 varðandi uppsöfnun á fínryki og síuryki og var krafa sett fram að öllum uppsöfnuðum birgðum yrði ráðstafað á viðeigandi hátt.

Í eftirlitinu komu fram tvö frávik frá starfsleyfi er varðar greiningu á PCDD/PCDF(díoxín og fúrön) og hámarkslosun í útblæstri.

UMFANG EFTIRLITS

Búið er að semja við móttökuaðila af fínryki og er útflutningur á því hafinn, telst telst frávikíð því vera í ferli og er áætlað að allt fínryk verði komið út fyrir febrúarlok. Rekstraraðili hefur samið við tvo mögulega móttökuaðila fyrir síurykið en greining á sýnum fer nú fram og hefur annar móttökuaðilinn lýst yfir áformum sínum um að taka við efninu þótt staðfesting liggji ekki fyrir fyrr en eftir niðurstöðu sýnanna. Rekstraraðili hefur óskað eftir frest vegna álagningar dagsekta til 1. maí nk. vegna þessa en skv. móttökuaðila tekur um 12 vikur að greina sýnið úr síurykinu og ekki sé hægt að finna efninu farveg fyrr en eftir þann tíma eða í fyrri hluta maí.

Eins og fram kemur í eftirlitsskýrslu frá 9. nóvember sl. eru gámar á svæðinu sem eru orðnir vel veðraðir og hafa sjáanlegar skemmdir. Því er hætta á mengun frá þeim í jarðveg. Frávik vegna geymslu þeirra og birgðum á saltöku er í eftirfylgni hjá stofnuninni þar sem að stofnuninni hefur ekki borist uppfærð úrbótaáætlun vegna útflutnings á saltökku.

Rölt var um verksmiðjuna og mátti sjá framfarir frá eftirliti þann 9. nóvember sl. er varðar frágang á pokum og hráefni. Þá var rætt hvar ný saltökupressa hjá verksmiðjunni yrði sett upp en henni er m.a. ætlað að auðvelda útflutning á saltökunni. Rölt var á bakvið verksmiðjuna og að gámastæðu en byrjað er að fjarlægja þá en skv. rekstraraðila gengur það hægt þar sem verktakinn sem hafi verið fenginn í að færa gámana niður er ekki tiltækur fyrr en seint á daginn og veðurskilyrði setji strik í reikninginn. Í eftirlitinu var kannað ástand gáma sem innihalda síuryk og telur stofnunin ólíklegt að mengun verði í jarðveg frá þeim.

Frávik frá

grein 3.1 - Eftirlitsmælingar

Lýsing á frávik

Engin mæling fór fram á PCDD/PCDF í síuryki árið 2017 en það skal gert árlega.

grein 2.5 - Hámarkslosun í útblæstri

Í mælingu sem fór fram þann 23. október sl. er styrkur vetnisflúoríðs 17,9 mg/Nm³ í útblæstri en losunarmörk eru 2,5 mg/Nm³. Samkvæmt bréfi sem rekstraraðili sendi þann 13. desember sl. var verið að bræða álflök. Rekstraraðili hyggst bæta við kalkstein í vinnsluferlið til að draga úr myndun vetnisflúoríðs.


ANNAÐ

Stofnuninni barst úrbótaáætlun vegna saltköku samdægurs og eftirlit fór fram.

Reykjavík, 05.03.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Einar Halldórsson